



Fjarnám í Verzlunarskóla Íslands
2010-2011

Skýrsla fjarnámsstjóra

Efniyfirlit

Inngangur	3
Sumarönn 2010	3
Haustönn 2010	4
Vorönn 2011	4
Sumarönn 2011	5
Fjarnemendur	6
Mynd 1. Fjöldi fjarnemenda VÍ eftir önnum.	7
Mynd 2. Fjöldi nemenda dagskóla VÍ í fjarnámi eftir önnum.	7
Mynd 3. Fjöldi grunnskólanema í fjarnámi eftir önnum.....	8
Mynd 4. Hlutfallsleg skipting kynja í fjarnámi við VÍ eftir önnum.....	9
Mynd 5. Hundraðshluti kvenna af heildarfjölda fjarnemenda VÍ eftir önnum.	9
Mynd 6. Hundraðshluti karla af heildarfjölda fjarnemenda VÍ eftir önnum.....	10
Mynd 7. Meðalaldur fjarnemenda VÍ eftir önnum.....	11
Mynd 8. Meðaleiningafjöldi fjarnemenda VÍ eftir önnum.	12
Mynd 9. Hlutfallsleg mæting í fjarnámspróf VÍ eftir önnum.	13
Ársmemendur.....	13
Mynd 10. Fjöldi ársnemenda fjarnáms VÍ eftir önnum.	13
Mynd 11. Fjöldi ársnemenda fjarnáms VÍ eftir árum.	14
Fjarnámsgjöld	14
Fjarnámslaun.....	15
Kennslukerfið.....	15
Samantekt.....	16
Lokaorð.....	16
Viðauki.....	17
Tafla 1. Tölur úr gagnagrunni fjarnáms á árunum 2006-2011.....	17

Inngangur

Fjarnám við Verzlunarskóla Íslands hefur verið rekið í núverandi mynd síðan haustið 2005. Á örfáum önnum fimmfaldaðist fjöldi nemenda en á árinu 2010 varð breyting þar á: Ráðuneyti menntamála á Íslandi ákvað að skera niður fjárframlög til fjarkennslu um 50%. Árið 2011 hefur fjarkennslan í landinu þurft að una við sama niðurskurð. Þetta hefur sett mark sitt á rekstur fjarkennslu Verzlunarskólans. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir starfseminni skólaárið 2010-2011.

Sumarönn 2010

Á sumarönn 2010 voru 145 áfangar í boði, en vegna niðurskurðar voru þó aðeins 53 áfangar kenndir. Allir áfangar sem 10 eða færri nemendur völdu voru felldir úr kennslu og að auki allmargir áfangar sem fleiri nemendur völdu, þetta þýddi að 92 áfangar voru skornir. Nauðsynlegt var þó að taka inn nemendur í 32 af þessum 92 áföngum vegna þess að þar voru nemendur sem þurftu að ljúka þeim vegna útskriftar á sumar- eða haustönn 2010, eða vegna áframhaldandi náms. Að auki voru 4 *hulduáfangar* kenndir fyrir nemendur Verzlunarskólans eða fjarnemendur sem nauðsynlega þurftu að taka þá áfanga.

Fjarkennarar á sumarönn 2010 voru 47 og höfðu þeir allir fjarkennt áður, aðeins 37 þeirra sinntu þó áföngum sem voru í fullri kennslu, hinir sáu aðeins um próf í áföngum sem ekki voru kenndir á önninni. Á sumarönn 2009 voru 51 fjarkennari að störfum.

Á sumarönn 2010 voru 877 nemendur skráðir í fjarnám og fjölmargir þurftu frá að hverfa vegna niðurskuðar. Þegar þessi nemendahópur er skoðaður kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á sumarönn 2010 var 102 nemendum færri en á sumarönn 2009.
- Af 877 nemendum sumarannar 2010 voru 104 (11,9%) í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 773 (88,1%) komu annars staðar frá. Þetta hlutfall var svipað og sumarönnina á undan.
- Af þessum 877 nemendum voru konur 530 (60,4%) og karlar 347 (39,6%) sem er nánast sama kynjahlutfall og sumarönnina á undan.
- Meðalaldur fjarnemenda á sumarönn 2010 var 21,4 ár, nákvæmlega eins og á sumarönn 2009.
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á sumarönn 2010 voru nemendur fæddir 1991 (191 nemandi), en þeir höfðu þá væntanlega lokið þriðja ári í framhaldsskóla. Árgangur 1990 var fjölmennastur á sumarönn 2009, en þeir nemendur höfðu þá einnig nýlokið við þriðja ár í framhaldsskóla.
- Að meðaltali tók hver nemandi 5,04 einingar á sumarönn 2010, en sambærileg tala fyrir sumarönn 2009 var 5,87.

Sjá nánar um nemendur á sumarönn 2010 á heimasíðu skólans¹.

Nemendur á sumarönn 2010 voru skráðir í 4479 einingar, til lokaprófs skiluðu sér 3069 einingar en það gera 68,5.% af þeim einingum sem lagt var upp með og gáfu þessar

¹ Sjá nánari upplýsingar um nemendur á sumarönn 2010 á heimasíðu skólans, http://www.verslo.is/fjarnam/nemendur/sumar_2010.

preyttu einingar 87,7 ársnemendur. Á sumarönn 2009 skiluðu 61,2% eininga sér til prófs en á þeirri önn gaf það 100,5 ársnemendur. Sjá töflu 1 í viðauka.

Haustönn 2010

Á haustönn 2010 voru 147 áfangar í boði en aðeins kenndir 125 áfangar. Því voru 22 áfangar felldir úr kennslu vegna niðurskurðar. Farin var sú leið við niðurskurðinn þessa önnina að taka inn nemendur sem bráðvantaði áfanga í kennslu og var haft samráð við áfangastjóra fjölmargra framhaldsskóla til að meta það. Fjöldi nemenda í hópum var á bilinu frá 1 og upp í 19. Fjarkennarar gáfu eftir fastagjald launa sinna til að hægt væri að kenna fámenna áfanga þessa önnina. Rökin voru þau að betra væri að dreifa kennslunni á milli kennara í stað þess að kenna fáa fjölmenna áfanga á fullum launum.

Fjarkennarar voru 51 þessa önnina, 50 gamalreyndir kennarar og 1 nýliði í hópnum. Fjarkennarar á haustönn 2009 voru 53.

Á haustönn 2010 voru aðeins 307 nemendur skráðir í fjarnám við Verzlunarskólann og var þetta fámennasta haustönn síðan 2005. Fjölmargir nemendur þurftu frá að hverfa vegna niðurskurðar. Þegar þessi nemendahópur er skoðaður kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á haustönn 2010 var 593 nemendum færri en á haustönn 2009.
- Af 307 nemendum haustannar 2010 voru 63 (20,5%) í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 244 (79,5%) komu annars staðar frá. Þetta hlutfall Verzlunarskólanemenda var mun hærra en á haustönninni á undan.
- Af 307 nemendum haustannar 2010 voru 50 (16,3%) nemendur grunnskóla, en það hlutfall var svipað á haustönn 2009.
- Af þessum 307 nemendum voru konur 190 (61,9%) og karlar 117 (38,1%) en á haustönn 2009 var hlutfall kvenna hærra eða 66,2%.
- Meðalaldur fjarnemenda á haustönn 2010 var 20,4 ár, en það er rúmum tveimur árum lægra en á haustönninni á undan.
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á haustönn 2010 voru nemendur fæddir 1991 (76 nemendur), en þeir nemendur voru væntanlega á fjórða ári í framhaldsskóla þetta haustið. Haustið 2009 voru nemendur á fjórða ári í framhaldsskóla (nemendur fæddir 1990) einnig fjölmennasti árgangurinn.
- Að meðaltali tók hver nemandi 5,75 einingar á haustönn 2010, en sambærileg tala fyrir haustönn 2009 var 6,19.

Sjá nánar um nemendur á haustönn 2010 á heimasíðu skólans².

Nemendur haustannar 2010 voru skráðir í 1771 einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 1313 einingar en það voru 74,1% af þeim einingum sem lagt var upp með og gáfu þessar preyttu einingar 37,5 ársnemendur. Á haustönn 2009 skiluðu 60,2% eininga sér til prófs en á þeirri önn gaf það 96,7 ársnemendur. Sjá töflu 1 í viðauka.

Vorönn 2011

Á vorönn 2011 voru 145 áfangar í boði, en vegna niðurskurðar voru þó aðeins 130 áfangar kenndir og í 10 áföngum til viðbótar var nemendum boðin skert kennsla. Allir

² Sjá nánari upplýsingar um nemendur á haustönn 2010 á heimasíðu skólans, http://www.verslo.is/fjarnam/nemendur/haust_2010.

nemendur sem sóttu um fjarnám fengu boð um aðgang, en reynt var að fækka áföngum hjá þeim nemendum sem höfðu valið marga áfanga.

Fjarkennarar á vorönn 2011 voru 53, þar voru 2 að fjarkenna í fyrsta sinn. Á vorönn 2010 voru fjarkennarar 52.

Á vorönn 2011 voru aðeins 715 nemendur skráðir í fjarnám við Verzlunarskólann en það var fámennasta vorönnin síðan 2007. Þegar þessi nemendahópur er skoðaður kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á vorönn 2011 var 208 nemendum færri en á vorönn 2010.
- Af 715 nemendum vorannar 2011 voru 157 (22,0%) í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 558 (78,0%) komu annars staðar frá. Þetta hlutfall Verzlunarskólanemenda í fjarnámi er mun hærra en á vorönninni á undan.
- Af 715 nemendum vorannar 2011 voru 46 (6,4%) nemendur grunnskóla, en það hlutfall var aðeins hærra á vorönn 2010.
- Af þessum 715 nemendum voru konur 426 (59,6%) og karlar 289 (40,4%) en á vorönn 2010 var hlutfall kvenna hærra eða 60,7%.
- Meðalaldur fjarnemenda á vorönn 2011 var 22,6 ár, en það er heilu ári lægra en á vorönninni á undan.
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á vorönn 2011 voru nemendur fæddir 1991 (121 nemandi), en þeir nemendur voru væntanlega á fjórða ári í framhaldsskóla þetta vorið. Vorið 2010 voru nemendur á fjórða ári í framhaldsskóla (nemendur fæddir 1990) einnig fjölmennasti árgangurinn.
- Að meðaltali tók hver nemandi 5,44 einingar á vorönn 2011, en sambærileg tala fyrir vorönn 2010 var 6,02.

Sjá nánar um nemendur á vorönn 2011 á heimasíðu skólans ³.

Nemendur vorannar 2011 voru skráðir í 3923 einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 2812 einingar en það voru 71,7% af þeim einingum sem lagt var upp með og gáfu þessar þreyttu einingar 80,3 ársnemendur. Á vorönn 2010 skiluðu 61,6% eininga sér til prófs en á þeirri önn gaf það 97,8 ársnemendur. Sjá töflu 1 í viðauka.

Sumarönn 2011

Á sumarönn 2011 voru 145 áfangar í boði, en vegna niðurskurðar voru þó aðeins 95 áfangar kenndir. Allir áfangar sem 5 eða færri nemendur völdu voru felldir úr kennslu. Að auki voru 3 *hulduáfangar* kenndir fyrir nemendur Verzlunarskólans eða fjarnemendur sem nauðsynlega þurftu að taka þá áfanga.

Fjarkennarar á vorönn voru 46 og höfðu þeir allir fjarkennt áður. Á sumarönn 2010 voru fjarkennarar 47, en þeir voru 51 á sumarönn 2009.

Þegar þetta er skrifað, eru 723 nemendur skráðir í fjarnámið og er þetta fámennasta sumarönn síðan 2008. Þegar þessi nemendahópur er skoðaður kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á sumarönn 2011 er 154 nemendum færri en á sumarönn 2010.

³ Sjá nánari upplýsingar um nemendur á vorönn 2011 á heimasíðu skólans, http://www.verslo.is/fjarnam/afangar/vor_2011/.

- Af 723 nemendum sumarannar 2011 eru 140 (19,4%) í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 583 (80,6%) komu annars staðar frá. Þetta eru mun fleiri Verzlunarskólanemendur í fjarnámi en á sumarönn 2010.
- Af þessum 723 nemendum voru konur 446 (61,7%) og karlar 277 (38,3%) sem er nánast sama kynjahlutfall og sumarönnina á undan, en ívið hærra hlutfall kvenna þó.
- Meðalaldur fjarnemenda á sumarönn 2011 er 21,0 ár, mjög nálægt því sem það var á sumarönn 2010.
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á sumarönn 2011 eru nemendur fæddir 1992 (166 nemendur), en þeir höfðu þá væntanlega lokið þriðja ári í framhaldsskóla. Árgangur 1991 var fjölmennastur á sumarönn 2010, en þeir nemendur höfðu þá einnig nýlokið við þriðja ár í framhaldsskóla.
- Að meðaltali tekur hver nemandi 5,21 einingar á sumarönn 2011, en sambærileg tala fyrir sumarönn 2010 var 5,04.

Sjá nánar um nemendur á sumarönn 2011 á heimasíðu skólans⁴.

Nemendur á sumarönn 2011 eru skráðir í 3767 einingar. Ef gert er ráð fyrir 70% mætingu í próf, mun sumarönnin skila 75 ársnemendum. Sjá nánar í töflu 1 í viðauka.


Fjarnemendur

Í skýrslu fjarnámsstjóra á síðasta ári var nokkuð ítarleg umfjöllun um fjarnemendur Verzlunarskólans. Að þessu sinni verður hins vegar reynt að varpa ljósi á það hvort niðurskurðurinn hafi á einhvern hátt breytt samsetningu nemendahópsins. Nánar má fræðast um fjarnemendur Verzlunarskólans eftir önnum á heimasíðu skólans⁵.

Þegar fjöldi nemenda í fjarnámi Verzlunarskólans er skoðaður eftir önnum, má almennt segja að fjöldinn vaxi frá önn til annar. Ef bornar eru saman allar sumarannir sést hvernig fjöldinn stígur frá sumarönn 2006 til sumarannar 2009, en fellur svo á sumarönn 2010 og enn meira á sumarönn 2011. Þetta sama má segja um haustannir, fjöldi nemenda á önn vex frá og með haustönn 2006 til og með haustönn 2009 en fellur svo umtalsvert á haustönn 2010. Fjöldi nemenda á vorönnum eykst frá vorönn 2007 og fram á vorönn 2010, en fellur á vorönn 2011. Vorönn 2010 var fyrsta niðurskurðarönnin og fjöldi fjarnemenda á þeirri önn bendir til þess að ekki hafi tekist að stemma stigu við fjölda fjarnemenda á þeirri önn, það tókst hins vegar betur, ef svo má að orði komast, á haustönn 2010 og vor- og sumarönnnum 2011. Þetta kemur fram á mynd 1.


⁴ Sjá nánari upplýsingar um nemendur á sumarönn 2011 á heimasíðu skólans, http://www.verslo.is/fjarnam/nemendur/sumar_2011.

⁵ Sjá upplýsingar um fjarnemendur á heimasíðu skólans, <http://www.verslo.is/fjarnam/nemendur/>.



Mynd 1. Fjöldi fjarnemenda VÍ eftir önnum.

Þegar fjöldi nemenda sem eru í dagskóla VÍ af heildarfjölda fjarnemenda á árunum 2007-2011 er skoðað kemur í ljós að flestir VÍ nemendur eru í fjarnámi á vor- og sumarönnum. Skýringin á þessu er sú að nemendur VÍ sem falla í áföngum á haustönn, taka endurtektarpróf í janúar og þeir sem falla aftur þá, taka áfanga í fjarnámi á vorönn. Nemendur VÍ sem falla svo í áföngum í maí, taka endurtektarpróf í júní og þeir sem falla aftur þá, taka áfanga í fjarnámi á sumarönn. Á haustönn eru ekki VÍ nemendur sem hafa fallið í áföngum. Þetta kemur fram á mynd 2.




Mynd 2. Fjöldi nemenda dagskóla VÍ í fjarnámi eftir önnum.

Athyglisvert er að nemendur VÍ í fjarnámi á haustönn 2010 eru fleiri en nemendur VÍ í fjarnámi á öðrum haustönnum, nemendur VÍ í fjarnámi á vorönn 2011 eru fleiri en nemendur VÍ í fjarnámi á öðrum vorönnum og nemendur VÍ í fjarnámi á sumarönn 2011


eru fleir en nemendur VÍ í fjarnámi á öðrum sumarönnum. Þetta kann að endurspeglar fjölda nemenda í dagskóla hverju sinni og væri athyglisvert að skoða hlutfall nemenda í dagskóla VÍ í fjarnámi sem hlutfall af heildarfjölda dagskólanema hverju sinni. Einnig væri athyglisvert að skoða þetta í ljósi breyttra reglna um inntöku nemenda í framhaldsskóla.

Þegar fjöldi grunnskólanemenda í fjarnámi VÍ er skoðaður kemur í ljós að þeir eru flestir á haustönnum, færri á vorönnum og ekki í fjarnámi á sumrin. Fjöldi grunnskólanemenda á önn fer vaxandi frá árinu 2007 og fram á árið 2009, en fellur mjög mikið á árinu 2010. Þetta kemur fram á mynd 3.




Mynd 3. Fjöldi grunnskólanema í fjarnámi eftir önnum.

Konur eru í miklum meirihluta fjarnemenda á öllum önnum, eða frá 59,6% á vorönn 2011 til 66,2% á haustönn 2009. Þetta kemur fram á mynd 4.



Mynd 4. Hlutfallsleg skipting kynja í fjarnámi við VÍ eftir önnum.


Athyglisvert er að hlutfall kvenna er yfirleitt lægst á vorönnum (59,7% til 61,8%) en hæst á haustönnum (61,9% til 66,2%). Fróðlegt væri að kanna hvort það tengdist því að á haustönnum er fjöldi grunnskólanemenda í fjarnámi mestur. Á haustönn 2010 var þó sama hlutfall grunnskólanemenda og á haustönn 2009, þannig að vart er hægt að skýra hlutfallsleg fækkun kvenna í fjarnámi á haustönn 2010 með fækkun grunnskólanemenda í fjarnámi. Hlutfall kvenna á vorönn 2011 er líka lægra en á vorönn 2010 og því spurning hvort þetta tengist á einhvern hátt kreppunni? Í ljósi þess er athyglisvert að hlutfallslegur fjöldi kvenna í fjarnámi á sumarönn 2011 er ívið hærri en fjöldinn á sumarönn 2010. Forvitnilegt verður að fylgjast með því hvernig þessar tölur verða á næstu önnum. Sjá nánar á mynd 5.



Mynd 5. Hundraðshluti kvenna af heildarfjölda fjarnemenda VÍ eftir önnum.

Á vor- og sumarönnum eru margir nemendur úr dagskóla VÍ vegna endurtektar á áföngum sem þeir hafa fallið í. Fróðlegt væri að kanna kynjahlutfallið í þeim hópi og bera saman við kynjahlutfallið í hópi fjarnemenda.


Hlutfall karla í fjarnámi virðist hafa aukist á árunum 2010 og 2011. Sjá nánar á mynd 6.



Mynd 6. Hundraðshluti karla af heildarfjölda fjarnemenda VÍ eftir önnum.

Þegar myndir 5 og 6 eru skoðaðar kemur í ljós að hlutfall karla af heildarfjölda fjarnemenda helst nokkuð hátt (miðað við fyrri annir) frá og með vorönn 2010 og til og með sumarönn 2011. Hvort það gefur til kynna að karlarnir sæki í sig veðrið í kreppunni en konur láti deigan síga á sama tíma skal ósagt látið. Einnig væri hægt að hugsa sér að hækkun fjarnámsgjalda gæti haft þarna áhrif. Til að fullyrða eitthvað um þessi atriði, þyrfti að kanna þessi mál betur.

Meðalaldur fjarnemenda var á bilinu frá 20,4 til 24 ár á tímabilinu frá og með sumarönn 2007 til og með sumarönn 2011. Meðalaldurinn er lægstur á sumarönnum, eða um 21 ár til 22. ár. Þetta kemur á óvart þar sem grunnskólanemendur sem lækka meðalaldur fjarnemenda, sjást varla í fjarnámi á sumrin. Lægri meðalaldur fjarnema á sumrin gæti verið hægt að skýra með því að eldri nemendur sem hafa fyrir fjölskyldum að sjá og stunda fulla vinnu taki sér frí frá námi á sumrin og að megin uppistaða fjarnemenda á sumrin séu nemendur á framhaldsskólaaldri. Sjá mynd 7.




Mynd 7. Meðalaldur fjarnemenda VÍ eftir önnum.

Ef rýnt er í mynd 7 er hægt að sjá að meðalaldur fjarnemenda er lægri á haustönn 2010 en á öðrum haustönnum, hann er sömuleiðis lægri á sumarönn 2011 en á öðrum sumarönnum og einnig er hann lægri á vorönn 2011 en á öðrum vorönnum. Gæti það gefið til kynna að fullorðna fólkið sæki síður í fjarnámið í kreppunni en það gerði áður? Gætu fjármál spilað þar inní? Um það er erfitt að fullyrða án þess að skoða málin betur.

Þegar aldursdreifing fjarnemenda á sumarönn 2009 er skoðaður, kemur í ljós að árgangur 1990 er þar fjölmennastur. Þessir nemendur hafa þá væntanlega lokið þremur árum í framhaldsskóla. Þessi sami árgangur var einnig fjölmennastur á haustönn 2009 og vorönn 2010 og þá hafa þessir nemendur að öllum líkindum verið á fjórða ári í framhaldsskóla. Á sumarönn 2010 er árgangur fæddur 1991 fjölmennastur og ættu þessir nemendur þá að hafa lokið þremur árum í framhaldsskóla. Á haustönn 2010 og vorönn 2011 var árgangur 1991 líka fjölmennastur, en þá hafa þessir nemendur að öllum líkindum verið á fjórða ári í framhaldsskóla. Á sumarönn 2011 er árgangur 1992 fjölmennastur og ef að líkum lætur, verður hann fjölmennastur hjá okkur næsta vetur.

Hér virðist vera komið munstur, vegna þess að á sumarönnum 2007, 2008, 2009, 2010 og 2011 er árgangur nemenda sem er ætti að vera búinn með þrjú ár í framhaldsskóla fjölmennastur. Á haustönnum 2007, 2008, 2009 og 2010 og á vorönnum 2008, 2009, 2010 og 2011 er fjölmennastur sá árgangur nemenda sem ætti þá að vera á fjórða ári í framhaldsskóla. Þessir nemendur eru greinilega að nýta fjarnámið til að ljúka stúdentsprófi á tilsettum tíma. Niðurskurðurinn hefur engu breytt um það.


Meðaleiningafjöldi sem hver fjarnemandi tekur á önn hefur verið á bilinu frá 5 til 6 einingar frá og með vorönn 2006 og til og með sumarönn 2011. Flestar einingar að meðaltali á önn tóku nemendur á haustönn 2009 (6,2 einingar), en færstar á sumarönn 2010 (5,0). Sjá mynd 8 og töflu 1 í viðauka.



Mynd 8. Meðaleiningafjöldi fjarnemanda VÍ eftir önnum.

Ef mynd 8 er skoðuð nánar, kemur í ljós að meðaleiningafjöldi nemenda á önn lækkaði á niðurskurðarárinu 2010, miðað við fyrri annir og hefur verið lægri síðan miðað við fyrri annir.

Mæting í próf eftir önnum var um 60% frá og með vorönn 2006 og til og með vorönn 2010. Undantekning er sumarönn 2006, en þar er mæting í próf nálægt 78%. Hafa skal í huga þegar það er skoðað að á fyrstu önnum fjarnámsins fengu nemendur endurgreidd kennslugjöld fyrir það eitt að mæta í próf. Á sumarönn 2010 fór mætingin í próf hins vegar í tæp 69% og vel yfir 74% á haustönn 2010. Mætingin í próf á vorönn 2011 var tæplega 72%. Því má segja að niðurskurðurinn með fækkun nemenda á önn og fækkun meðalfjölda eininga hvers nemanda á önn hafi leitt til þess að nemendur mæti betur í próf. Þetta kemur fram á mynd 9. Tölur fengnar úr töflu 1 í viðauka.




Mynd 9. Hlutfallsleg mæting í fjarnámspróf VÍ eftir önnum.

Ef meðalmæting nemenda á öllum önnum er tekin saman, kemur í ljós að hún er einungis rúm 62%.


Ársmemendur

Ársmemendur eru taldir út frá þeim einingum sem skila sér til prófs. Miðað er við að hver árnemandi taki 35 einingar á ári. Ársmemendur á önn voru á bilinu 60 til 70 á fyrstu önnum fjarnámsins. Árið 2008 fór árnemendafjöldinn á önn upp fyrir 80, en hækkað ört á árinu 2009 og náði hámarki á sumarönn 2009 en þá fór árnemendafjöldinn á önn yfir 100 í fyrsta og eina sinni (hingað til) í sögu fjarnáms Verzlunarskólans. Á sumarönn 2010 fór svo árnemendafjöldinn lækkandi og náði hann lágmarki á haustönn 2010. Þetta kemur vel fram á mynd 10. Tölur fengnar úr töflu 1 í viðauka.



Mynd 10. Fjöldi árnemenda fjarnáms VÍ eftir önnum.

Á þremur önnum árið 2006 gaf fjarnámið af sér 198,3 ársnemendur. Árið 2007 fækkaði ársnemendum niður í 191,9, en þá var hætt að endurgreiða kennslugjaldið til þeirra nemenda sem mættu í próf. Árið 2008 gaf fjarnámið af sér 235,9 ársnemendur og árið eftir 285,3. Á niðurskurðarárinu 2010 fór fjöldi ársnemenda niður í 223. Það sem af er árinu 2011 hefur fjarnámið skilað af sér 80,3 ársnemendum. Ef fram fer sem horfir, ætti sumarönn 2011 að skila af sér um 75 ársnemendum og er þá miðað við 70% mætingu í próf. Samanlagt gefa vor- og sumarönn 2011 því 155,3 ársnemendur. Þetta kemur fram á mynd 11. Tölur fengnar úr töflu 1 í viðauka.



Mynd 11. Fjöldi ársnemenda fjarnáms VÍ eftir árum.

Þegar 11 er skoðuð kemur í ljós að ársnemendafjöldi fjarnámsins fór vaxandi frá árinu 2006 til ársins 2009, en dróst saman á niðurskurðarárinu 2010. Súlan fyrir 2011 er út frá ársnemendum vorannar og áætluðum ársnemendum á sumarönn. Þegar ársnemendur haustannar bætast við, mun fjöldinn á árinu 2011 verða sambærilegur við fjöldann á árinu 2010. Því má segja að árin 2010 og 2011 hafi fjarnámsskólinn okkar ekki gefið af sér þann ársnemendafjölda sem hann gæti gert. Við gætum auðveldlega skilað af okkur 100 ársnemendum á önn, án þess að bæta við mannafla eða fjölda áfanga í boði.

Fjarnámsgjöld

Kennslugjaldið á vorönn 2010 var hækkað um 500 krónur per einingu frá árinu áður. Kennslugjaldið varð þar með 2500 krónur á einingu. Skráningargjaldið var hækkað úr 5000 krónum í 6000 krónur. Þessi verðskrá gildi allt árið 2010.

Í byrjun árs 2011 var ákveðið að hækka fjarnámsgjöldin umtalsvert og hafa kennslugjaldið 4500 krónur á einingu en halda skráningargjaldinu áfram í 6000 krónum. Þessi verðskrá verður í gildi allar annir á árinu 2011.

Nemendur Verzlunarskólans borga ekki skráningargjald en allir aðrir nemendur gera það.

Fjarnámslaun

Færri nemendur í fjarnámi vegna niðurskurðar hefur leitt til lækkaðra launa fjarkennara. Niðurskurður fámennra áfanga hefur einnig leitt til þess að sumir fjarkennarar hafa misst stærri hluta af fjarkennslulaunum sínum en aðrir. Því má segja að niðurskurðurinn hafi bitnað mismikið á fjarkennurum.

Á haustönn 2010 var gerð tilraun til að gera nýjan kjarasamning við fjarkennara. Þar átti að tengja fjarnámslaunin við kennslustundir og reikna laun fyrir fjarkennsluna á sama hátt og laun fyrir dagskólakennsluna. Með því móti hefði fjarkennslan orðið samofnari dagskólakennslunni en nú er. Þetta tókst því miður ekki.

Kennslukerfið

Frá haustönn 2005 hefur WebCT/Blackboard verið notað sem kennslukerfi í Verzlunarskóla Íslands. Greiða þarf fyrir ársleyfi þess kennslukerfis og í sparnaðarskyni mun kennslukerfið Moodle 2.0 verða notað frá og með vorönn 2012. Ekki þarf að greiða fyrir notkun þess, en rekstur þess er að sjálfsögðu ekki án kostnaðar. Ákvörðunin var tekin af kerfisstjóra, kerfisfræðingi og fjarnámsstjóra eftir samanburð á báðum kennslukerfunum. Þar kom fram að Moodle er á flestan hátt ekki lakara kennslukerfi en WebCT/Blackboard og að sumu leyti betra. Fyrir utan það að mjög margir skólar eru að taka Moodle í notkun og þróunin á því kerfi verður án efa ör á næstu misserum. Við viljum taka þátt í þessari þróun og því er tímabært að skipta um kerfi á þessum tímapunkti.

Þessi breyting mun kalla á mikla vinnu kerfisstjóra, kerfisfræðings, forritara, fjarnámsstjóra og fjarkennara. Því var ákveðið að nýja kerfið yrði tekið í notkun á vorönn 2012 og hefðu þá starfsmenn skólans haustönn 2011 til að setja áfanga upp í nýja kerfinu og átta sig á möguleikum þess. Á vorönn 2012, þegar fyrstu nemendur verða innritaðir í kerfið gefst svo tækifæri til að fínþússa áfanga og hafa jafnframt áfanga í gamla kerfinu opna til hliðsjónar.

Á vorönn 2011 var Moodle 2.0 sett upp á nýjan netþjón skólans og kerfisstjóri, kerfisfræðingur og fjarnámsstjóri gátu þá farið að kynna sér kennslukerfið. Fyrstu fjarkennurum var gefinn aðgangur að Moodle á vordögum og þá voru haldnar tvær vinnustofur fyrir fjarkennara. Á haustönn 2011 verða síðan námskeið og vinnustofur fyrir fjarkennara og aðra kennara skólans sem vilja nýta sér kerfið við dagskólakennsluna.

Samantekt

Í ljósi þess sem á undan kemur í þessari skýrslu, hefur niðurskurðurinn hafa haft þessi áhrif á starfsemina hjá okkur:

- Fjöldi kenndra áfanga á önn hefur minnkað.
- Fjarkennurum á önn hefur fækkað.
- Nemendum á önn hefur fækkað.
- Nemendum dagskóla VÍ í fjarnámi hefur fjölgað.
- Grunnskólanemendum í fjarnámi hefur fækkað.
- Hlutfall kvenna í fjarnámi hefur lækkað.
- Meðalaldur fjarnemenda á önn hefur lækkað.
- Meðaleiningafjöldi hvers nemanda á önn hefur lækkað.
- Hlutfallsleg mæting nemenda í próf á önn hefur hækkað.
- Ársnemendum fjarnámsins hefur fækkað.
- Fjarnámshjöldin hafa hækkað.
- Fjarnámslaunin hafa lækkað.
- Skipt verður um kennsluferfi í sparnaðarskyni.

Þegar öll þessi atriði eru tekin saman má segja að starfsemin okkar hafi orðið fábreyttari og að færri einstaklingar hafi fengið að taka þátt en áður.

Lokaorð

Fjarnám við Verzlunarskóla Íslands hefur nú verið rekið með óbreyttu sniði í 6 ár. Starfsmenn skólans hafa lagt metnað sinn í að standa eins vel að því og kostur er. Við höfum siglt seglum þöndum og stefnt að því að vaxa með hverri önninni sem hefur liðið. Á haustönn 2009 varð hins vegar ljóst að blikur væru á lofti og að við þyrftum að rifa seglin. Frá vorönn 2010 hefur verið reynt að sporna við vexti fjarnámsins og skera niður. Hámarki náði niðurskurðurinn á haustönn 2010, en þá rétt tírði á starfseminni hjá okkur. Á þessu ári höfum við enn reynt að halda aftur af starfseminni eftir því sem við höfum getað. Þörfin fyrir fjarkennsluna er mikil erfitt er að standa á móti sókn nemenda. Við gætum annað fleiri nemendum ef heimildir fengjust til þess og fullnýtt þá möguleika sem fjarnámsskólinn okkar hefur.

Arnarfirði í tvímánuði 2011

Sigurlaug Kristmannsdóttir
fjarnámsstjóri VÍ

Viðauki

Önn	Fjöldi nemenda á önn	Einingar per nemanda	Nemendur * einingar	Einingar til prófs	Ársmendur í próf	% Mæting í próf
V06	744	5,23	3889	2471	70,6	63,5
S06	509	5,65	2877	2243	64,1	78,0
H06	665	5,47	3640	2227	63,6	61,2
Alls fjarnám 06	1918	5,43	10406	6941	198,3	66,7
V07	690	5,36	3699	2140	61,1	57,9
S07	659	5,42	3572	2186	62,5	61,2
H07	754	6,05	4558	2390	68,3	52,4
Alls fjarnám 07	2103	5,62	11829	6690	191,9	56,56
V08	811	5,98	4846	2739	78,3	56,5
S08	714	5,65	4037	2720	77,7	67,4
H08	815	5,70	4648	2796	79,9	60,2
Alls fjarnám 08	2340	5,78	13531	8255	235,9	61,01
V09	895	5,96	5331	3119	89,1	58,5
S09	979	5,87	5744	3516	100,5	61,2
H09	900	6,19	5567	3350	95,7	60,2
Alls fjarnám 09	2774	6,00	16642	9985	285,3	60,00
V10	923	6,02	5553	3422	97,8	61,6
S10	889	5,04	4479	3069	87,7	68,5
H10	308	5,75	1771	1313	37,5	74,1
Alls fjarnám 10	2120	5,57	11803	7804	223,0	66,12
V11	721	5,44	3923	2812	80,3	71,7
S11	723	5,21	3767			

Tafla 1. Tölur úr gagnagrunni fjarnáms á árunum 2006-2011

Tölur um fjölda nemenda í fjarnámi á heimasíðu skólans og í þessari töflu, kunna að vera misjafnar. Skýringin er sú að efnið á heimasíðuna er unnið um miðja önn, en þessi tafla er unnin í lok annar og þá gætu einhverjir nemendur hafa bæst við. Tölur í föflunni teljast í öllum tilfellum vera réttari.